

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Helgi Hrafn Gunnarsson,
Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi taka til allra launþega í landinu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „40“ í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. kemur: 35.
- b. Í stað tölunnar „8“ í 2. og 4. mgr. kemur: 7.

3. gr.

Í stað tölunnar „40“ í 3. gr. laganna kemur: 35.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um 35 stunda vinnuviku.**

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 144. löggjafarþingi (259. mál), 145. löggjafarþingi (259. mál) og á 148. löggjafarþingi (165. mál). Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu og er það því lagt fram á ný með fyllri greinargerð þar sem athugasemdum í umsögnum og ýmsu því sem gerst hefur í samfélaginu að því er varðar styttingu vinnutíma eru gerð betri skil.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 35 dagvinnutímar sem vinna ber á dagvinnutímabili á virkum dögum og að jafnaði skuli unnar 7 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags.

Þrátt fyrir að fjöldi vinnustunda á ári hafi dregist saman á undanförunum árum er meðalvinnuvika á Íslandi um 40 stundir. Í skýrslum OECD þar sem mælt er jafnvægi milli vinnu og frítíma¹ sést að Ísland kemur mjög illa út. Þar er landið í 33. sæti af 38 þjóðum þegar kemur að lengd vinnutíma og þar hallar verulega á karlmenn. Þá er Ísland í 34. sæti að því er snertir tíma sem er aflögu til frístunda, og skiptist hann nokkuð jafnt á milli kynja. Í tölum

¹ <http://www.oecdbetterlifeindex.org/topics/work-life-balance/>

OECD fyrir árið 2016² um meðalársfjölda vinnustunda er Ísland í 25. sæti með 1.883 vinnustundir á móti 1.363 stundum meðal Þjóðverja, sem eru í fyrsta sæti með stystan vinnutíma, en Danir hafa næststystan vinnutíma, 1.410 stundir. Tölurnar eru þó ekki að fullu samanburðarhæfar milli landa þó að þær séu samanburðarhæfar fyrir sama land milli ára og milli eins lands og margra annarra. Unnt er að skoða hvernig staða lands breytist með tilliti til hinna landanna og fylgjast með meðalfjölda vinnustunda milli ára. Í tölunum fyrir Ísland sjást áhrif atvinnuleysis í hruninu vel og hvernig meðalfjöldi vinnustunda eykst aftur. Erfitt er að bera saman fjölda vinnustunda milli landa af ýmsum ástæðum en gögnin frá OECD eru þau bestu sem tiltæk eru. Þegar fjöldi vinnustunda og jafnvægi milli vinnu og frítíma á Íslandi er borið saman við ástandið í öðrum löndum sjást greinileg merki um slæma stöðu Íslands.

Framleiðni á Íslandi er undir meðaltali landa OECD, þrátt fyrir langan vinnudag og mun verra vinnu- og einkalífshlutfall en meðal þjóða sem hafa meiri framleiðni en Íslendingar, og þrátt fyrir að Ísland sé ríkt af auðlindum. Í Frakklandi, þar sem vinnuvikan hefur verið 35 stundir síðan árið 2000, er framleiðni talsvert hærri en á Íslandi og er landið mun ofar í mati á jafnvægi milli vinnu og frítíma. Frakkland, Danmörk, Spánn, Belgía, Holland og Noregur eru efst á þessum lista. Í þessum löndum er vinnutíminn styttri en á Íslandi en framleiðnin meiri og greidd hærri laun nema á Spáni. Ekki er því hægt að útskýra meiri framleiðni né hærri laun með löngum vinnudegi. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

Umsagnir bárust Alþingi um frumvarpið þegar það var lagt fram á 145. löggjafarþingi. Þrír umsagnaraðilar lögðust gegn samþykkt frumvarpsins en það voru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda. Var það aðallega með þeim rökum að Alþingi væri á einhvern hátt að skipta sér af rétti samtaka atvinnurekenda og launþega t.d. til að semja um kaup og kjör. Hið eina sem gert er í frumvarpinu er að skilgreina hversu margir dagvinnutímar skuli unnir dag hvern og hversu margir á viku. Atvinnurekendur og launþegar hafa enn fullan rétt til þess að semja um kaup og kjör. Því er einnig haldið fram að krafa um styttingu vinnutíma hafi ekki verið áberandi í kröfugerðum stéttarfélaganna. ASÍ hefur hins vegar greint frá því, a.m.k. á nefndarfundi fjárlaganefndar, að það samningsatriði sé alltaf það fyrsta sem atvinnurekendur slái út af borðinu. Það sé því tilgangslítið að halda þeirri kröfu til streitu. Þar af leiðandi ætti að vera eðlilegt að láta málið koma til kasta Alþingis.

Á 148. löggjafarþingi bárust 13 umsagnir um frumvarpið. ASÍ vísar í bókun sambandsins um viðræður um skipulag vinnutíma frá 2015 og tekur fram að markmið breytinga á skilgreiningum á vinnutíma sé að stytta heildarvinnutíma. Sambandið telur þetta frumvarp hins vegar vera ótímabært inngríp í heildarendurskoðun aðila vinnumarkaðar á skipulagi vinnutíma. Samtök atvinnulífsins eru á sama máli og ASÍ. Flutningsmenn furða sig á þeirri afstöðu samtakanna þar sem í 7. gr. laga um 40 stunda vinnuviku kemur fram að vikja megi frá lögnum með samningum sem staðfestir eru af heildarsamtökum, svo sem ASÍ og SA. Samningar sem ASÍ og SA gera þurfa því ekki að taka tillit til þessarar lagasetningar frekar en sambandið vill. Félag atvinnurekenda telur að vinnutími verði ekki stytur með lagaboði frá Alþingi og vísar í 75. gr. stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn vísa til þess að í athugasemdum við 13. gr. laga nr. 97/1995, sem varð að 75. gr. stjórnarskrárinnar, kemur fram að með reglu 2. mgr. sé lögð sú skylda á löggjafann að tryggja að réttindum á þessu sviði verði markaður ákveðinn rammi með lögum, en ekki er þó nánar mælt fyrir um hvaða atriða þurfi að taka afstöðu til á þennan hátt með lagasetningu. Ekki verður séð að í lagasetningu um lengd vinnuviku felist brot á umræddu ákvæði. Markmiðið með frumvarpinu er að auka réttindi fólks án þess að ganga á samningsrétt þess.

² <https://data.oecd.org/emp/hours-worked.htm>

Félag kvenna í atvinnulífínu benti á að rétt væri að aðilum vinnumarkaðarins yrði tryggður ákveðinn aðlögunartími að þeim breytingum sem mælt væri fyrir um í frumvarpinu, en þannig yrðu meiri líkur til þess að styttri vinnutími yrði að veruleika hér á landi. Taka flutningsmenn undir það og leggja því til að löggin taki gildi 1. janúar 2021. Þar með er gert ráð fyrir lengri aðlögunartíma en í fyrri frumvörpum.

Öryrkjabandalag Íslands styður frumvarpið og bendir á að „stytting vinnuvikunnar [geti] verið fyrirbyggjandi aðgerð og gert fólki betur kleift að ná nauðsynlegri hvíld og ná jafnvægi á milli atvinnu og einkalífs“. Aðrir umsagnaraðilar, Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, Bandalag háskólamanna, Félag um foreldrajafnrétti, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík og umboðsmaður barna, studdu frumvarpið.

Frumvarp þetta felur í sér að almennur vinnutími verði stuttur um klukkutíma á dag, úr átta klukkutímum í sjö. Markmið breytingarinnar er ekki að kjör skerðist við styttingu vinnudags og ekki er heldur gert ráð fyrir því að vinnudagur styttest sjálfkrafa við þessa breytingu. Samkomulag um lengd vinnutíma verður eftir sem áður í höndum atvinnurekenda og launþega. Hið eina sem gert er með lagabreytingu þessari er að skilgreina fjölda dagvinnustunda. Að öðru óbreyttu ætti starfsmaður sem heldur áfram að vinna átta tíma á dag því að hækka í launum, þar sem áttunda klukkustund hvers vinnudags yrði yfirvinnutími í stað dagvinnutíma.

Lög um 40 stunda vinnuviku voru sett árið 1971 en það var fyrst árið 2012 sem meðalvinnuvikan varð 40 stundir. Breytingin árið 1971 skilaði t.d. jákvæðum hagtölum, tekjur á hvern mann jukust um 4–5% á ári að jafnaði (að undanskildu einu ári), framleiðni á hverja vinnustund jókst um 20% á tímabilinu og árlegum vinnustundum fækkaði á tímabilinu um 5%.³

Markmið lagabreytingar þessarar er að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi með styttingu vinnuvikunnar, en líkt og skýrslur OECD hafa sýnt fram á fara ekki endilega saman lengri vinnutími og meiri framleiðni.

³ <https://www.conference-board.org/data/economydatabase/index.cfm?id=27762>